

Áþingi

Erfindi nr. P 116 1/159

Þingsdagur 31 / 3 1993

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS

ÁLFTAMÝRI 9 - 108 REYKJAVÍK

SÍMI: 685620

MYNDSENDIR (TELEFAX) 687057

Reykjavík, 22. mars 1993

Umsögn Lögmannafélags Íslands
um frumvörp til laga um breytingar á
l. um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 og
almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.


Stjórn Lögmannafélags Íslands fól laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um ofangreind frumvörp. Þar sem frumvörpin fjalla efnislega um sams konar atriði, þ.e. baráttu gegn fíkniefnaviðskiptum, verður fjallað um þau bæði í þessari umsögn.

Frumvörpin eru bæði tilkomin vegna samþykktar Ráðs Evrópubandalagsins á tilskipun nr. 91/308 frá 10. júní 1991. Tilskipun sú er um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis og er það ófrávíkjanleg krafa skv. tilskipuninni að aðildaríkin hafi reglur um peningabætti vegna fíkniefnabrota.

Laganefnd er sammála þessari breytingu, sérstaklega þegar það er virt, að vafi hefur verið talinn leika á því að hvaða leyti hægt sé að refsa þeim fyrir hlutdeild í fíkniefnabroti, sem t.d. tekur við, geymir eða flytur ágóða vegna brotsins, eins og réttilega er bent á í athugasemdum um frumvarpið til breytinga á almennu hegningarlögum.

Því leggur nefndin til að frumvörpin verði samþykkt.

Fyrir hönd laganefndar L.M.F.Í.


Magnús Thoroddsen, hrl., formaður